

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

FF20 – 2025 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun

Áhugamannafélög

1. Jöklarannsóknafélag Íslands - Salernisaðstaða í Kverkfjöllum.

Kr. 2.000.000,- styrkurinn felst í byggingu og uppsetningu á þurrsalerni fyrir ferðamenn við skála Jöklarannsóknarfélagsins.

Markmið verkefnisins er að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn í Kverkfjöllum og auka öryggi þeirra hvað varðar heilnæmi. Í dag er engin salernisaðstaða á staðnum. Þurrsalerni henta vel á slíkum svæðum þar sem þau krefjast ekki rennandi vatns. Verkefnið fellur vel að markmiði sjóðsins um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum.

2. Ungmennafélagið Leifur heppni – Stígagerð og útsýnispallur við Krossneslaug

Kr. 11.382.000,- styrkurinn felst í smíði útsýnispalls, þar sem hægt er að virða fyrir sér laugina og strandlengjuna ofan frá, auk lagningar nýs göngustígs niður að lauginni.

Markmið verkefnisins er að auka öryggi, aðgengi og náttúruvernd við Krossneslaug í Árneshreppi. Krossneslaug er mest sótti áfangastaður ferðamanna í Árneshreppi og er aðgengi með þeim hætti að slyshætta er töluverð, auk þess sem umferð ferðafólks er farin að raska náttúru. Krossneslaug er hluti af áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um aukið öryggi ferðamanna, náttúruvernd og að áherslum ráðherra.

Fyrirtæki

1. Baggi ehf.- Yfirborð á göngustíg að Snædalsfossi

Kr. 14.414.000,- styrkur felst m.a. í að að grófhefla yfirborðslag á göngustíg, leggja Eco ristar eftir stígunum að áningarstað við Snædalsfoss. Að lokum gera stíginn auðveldara yfirferðar, draga úr myndun polla og bæta dren.

Markmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að Snædalsfossi og þær framkvæmdir sem lagðar eru til eiga að geta dregið úr léttvægari slysum á ferðafólki og stuðlað að lengingu ferðatímabils. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Austurlands og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi. Einnig fellur verkefnið að áherslum ráðherra á minna sótt svæði.

2. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs - Votlendisbrýr á Víknaslóðum.

Kr. 2.135.000,- styrkur til að smíða, flytja og leggja fleiri votlendisbrýr yfir votlendi á Víknaslóðagönguleiðinni sem liggur í landi Breiðuvíkur en slíkar brýr eru lágstemmdar, einfaldar og falla vel að landslagi. Gönguleiðin liggur víða um votlendi og þar hafa myndast hentistígar göngufólks til að krækja framhjá bleytunni.

Markmið verkefnisins eru að bæta markvisst aðgengi ferðafólks á þessari gönguleið og hlífa viðkvæmum gróðri og jarðvegi við ágangi. Verkefnið er hluti af áfangastaðaaætlun Austurlands og fellur vel að markmiðum sjóðsins um náttúruvernd og innviðir falla vel að ásjón lands. Einnig fellur verkefnið að áherslum ráðherra á minna sótt svæði.

3. History Up Close ehf. - Bætt aðgengi að sögunni og svæðinu á Eiríksstöðum.

Kr. 7.600.000,- styrkur snýst um að endurvinnna upplýsingaskilti um Eiríksstaði og aðlagga að þörfum ólíkra hópa gesta. Einnig er ætlunin að gera alla mikilvægustu staði svæðisins aðgengilega öllum í hjólastól og auka sjálfstæði fatlaðra á svæðinu.

Markmið verkefnisins eru bætt aðgengi að sögunni og svæðinu á Eiríksstöðum. Verkefnið er hluti af áfangastaðaaætlun Vesturlands og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Ekki er veittur styrkur til forritunar og vinnslu heimilda.

4. Ragnar Atli Guðmundsson - Reykjadal gönguleiðin.

Kr. 31.147.914,- styrkur felst í hönnun annars vegar og bráðaðagerðum vegna gróðurverndar og merkinga hins vegar. Hönnun lýtur að áningarstöðum, fljótandi stígum og varanlegum stígum.

Markmið verkefnisins er að vernda viðkvæman jarðveg og gróður í Reykjadal með bættri stýringu og merkingum. Verkefnið afmarkast alfarið við Reykjadal, frá svokölluðu hliði nokkru norðan bílastæðis og að baðsvæði. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um náttúruvernd og öryggi. Ekki er verið að styrkja framkvæmdir, sem tengjast rekstri á svæðinu.

5. Remote Iceland ehf. - Hönnun og uppbygging brúarstæðis yfir Hallardalsá við Goðafoss í Bjarnarfirði.

Kr. 2.000.000,- styrkur felst í að bæta við gönguleiðum með brú yfir ána, sem myndi auka aðdráttarafl og draga úr slysaþættu.

Markmið verkefnisins er náttúruvernd, bætt aðgengi og þar með aukið öryggi ferðamanna sem leggja leið sína að Goðafossi í Hallardal í Bjarnarfirði. Vaxandi fjöldi ferðamanna leggur leið sína upp að fossinum beggja vegna. Goðafoss í Bjarnarfirði er hluti af áfangastaðaaætlun Vestfjarða. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um aukið öryggi ferðamanna og að áherslum ráðherra.

Landeigandi/landeigendafélög

1. Jökuldalur slf. - Öryggi og náttúruvernd við Stuðlagil.

Kr. 89.974.941,- styrkur felst í að setja upp einn útsýnispall, göngubrýr og þrep. Megin vinnan mun felast í yfirborðsfrágangi eftir jarðvinnu, sáningu og tyrfingu, stálsmíði á staðnum, lokajarðvinnu, undirstöðum og merkingum.

Markmið verkefnisins eru áframhaldandi náttúruvernd og bætt öryggi ferðafólks sem heimsækir Stuðlagil, Grundarmegin en um er að ræða fjölsóttasta áfangastað ferðamanna á Austurlandi. Með áfanganum á að ljúka framkvæmdum sem hófust vorið 2024. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Austurlands og fellur vel að markmiðum sjóðsins um bætt öryggi ferðafólks og að draga úr skemmdum á náttúru.

2. Stokkar og steinar sf. – bílastæði við Kistuvog.

Kr. 8.546.675,- styrkurinn felur í sér stækkun á bílastæði. Allur frágangur mun taka mið af umhverfinu með grjóthleðslum og renna inn í aðliggjandi landslag.

Markmið verkefnisins er bætt aðstaða, aukið öryggi ferðamanna og verndun náttúru. Göngustígurinn að aftökustaðnum Kistuvogi er orðinn einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna í Árneshreppi, en skortur á bílastæðum veldur hættu fyrir gangandi og akandi vegfarendur og skemmdum á gróðri. Kistuvogur er hluti af áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um bætt öryggi ferðamanna, náttúruvernd, sem og að áherslum ráðherra.

Sveitarfélög

1. Akureyrarbær - Glerárdalur stígagerð, bifreiðastæði, upplýsingaskilti, brýr og bekkir - 3 áfangi.

Kr. 29.606.000,- styrkur í að bæta aðgengi við upphafslækinn, halda áfram lagningu stígs inn dalinn (um 1,3 km áfanga) og laga, stækka og ljúka frágangi á bílastæði auk merkinga og áningarstað. Um er að ræða 3. áfangann í þessu verkefni.

Markmið verkefnisins eru áframhaldandi bætur á aðgengi í Glerárdal en svæðið er mjög vinsælt fyrir styttri göngur og útivist. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands og fellur vel að markmiðum sjóðsins um auðveldara og öruggara aðgengi að svæðum þar sem ferðafólk getur notið náttúru og útivistar án mikilla náttúrulegra farartálma, sem og að draga úr skemmdum á náttúru.

2. Akureyrarbær - Hlíðarfjall - Bætt aðgengi og öryggi fyrir útivist að sumarlagi.

Kr. 16.000.000,- styrkur í hönnun upplýsingaskilta, vegvísa og stika sem og að leggja lokahönd á hönnun gönguleiðarinnar og fjallahjólaflæðibrautar um fjallið.

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og öryggi í Hlíðarfjalli ofan við Akureyri að sumarlagi. Hlíðarfjall hefur hingað til að mestu verið vetraráfangastaður, en aukin ásókn er nú í að nýta fjallið til gönguferða og fjallahjólamennsku á sumrin. Hlíðarfjall er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um náttúruvernd, öryggi ferðamanna og uppbyggingu nýrra áfangastaða fyrir ferðamenn.

3. Fjarðabyggð – Streitishvarf 2. áfangi.

Kr. 32.120.000,- styrkur til þess að bæta aðkomu og aðgengi fyrir gesti að vitanum og gróðurvernd á álagspunktum. Innviðauppbýggingin miðar að því að koma á stýringu á svæðinu með bílastæði, timburpöllum, áningarstað og merkingum.

Um er að ræða 2. áfanga verkefnisins. Það fellur að markmiðum sjóðsins um náttúruvernd sem og áherslum um dreifingu ferðamanna og er á áfangastaðaaætlun Austurlands. Einnig fellur verkefnið að áherslum ráðherra á minna sótt svæði.

4. Fjarðabyggð – Bleiksárfoss 1. áfangi.

Kr. 27.336.000,- styrkur í fullnaðarhönnun og verklegar framkvæmdar við upphafsáningarstað, göngustíg að sunnanverðu og göngubrá yfir Bleiksá.

Markmið verkefnisins er náttúruvernd, bætt aðgengi og þar með aukið öryggi ferðamanna sem leggja leið sína að Bleiksárfossi á Eskifirði. Umferð upp að fossinum er töluverð og vaxandi en innviðir engir. Þar eru farnir að myndast hentistígar auk þess sem fallhætta er töluverð sums staðar á leiðinni. Bleiksá er hluti af áfangastaðaaætlun Austurlands. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins og áherslum ráðherra.

5. Fjarðabyggð – Búðararfoss 1. áfangi.

Kr. 36.416.000,- styrkur í gerð malarstíga og dvalarsvæða, auk þess sem lagður verður grunnur að næsta stigi framkvæmda með gerð verkeikninga og verklýsingar að pallastíg og útsýnispalli.

Markmið verkefnisins er að auka öryggi og bæta aðstöðu fyrir göngufólk að og við Búðararfoss. Núverandi aðstæður við fossinn eru krefjandi og hættulegar göngufólki, auk þess sem viðkvæmri náttúru er stefnt í hættu. Búðararfoss er á áfangastaðaaætlun Austurlands. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um náttúruvernd og öryggi ferðamanna, sem og að áherslum ráðherra. Ekki er veittur styrkur fyrir kaupum á gróðri. Slíkt getur þó flokkast sem hluti af mótframlagi.

6. Fljótsdalshreppur - Bessastaðárgil og Melarétt - hönnun og frumframkvæmdir

Kr. 3.454.080,- styrkur í að hanna nýjan áfangastað við Bessastaðárgil og Melarétt og ráðast í brýnustu framkvæmdir, eins og stikun og uppsetningu skilta til að bæta öryggi ferðamanna og koma í veg fyrir gróðureyðingu.

Markmið verkefnisins er að auka öryggi ferðamanna og tryggja náttúruvernd með því hanna nýjan áfangastað við Bessastaðárgil og Melarétt á Fljótsdalshéraði. Umferð ferðamanna við Bessastaðárgil og við Melarétt hefur aukist mikið, en þar eru engir innviðir til staðar. Umferðin ógnar því náttúrunni auk þess sem slyshætta er mikil. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um aukið öryggi ferðamanna, sem og verndun á viðkvæmri náttúru. Verkefnið samrýmist sömuleiðis áherslum ráðherra.

7. Fljótsdalshreppur - Hengifoss - betri stígar og verndun náttúru.

Kr. 8.100.000,- styrkur er í áframhaldandi viðhald og endurbætur á stígum upp að Hengifossi, sem og fjölgun merkinga. Undanfarin ár hefur verið unnið að umfangsmiklu

stígakerfi, stikun og byggingu brúa á gönguleiðinni upp að Hengifossi, sem er ætlað að stýra umferð, vernda viðkvæma náttúru og draga úr slyshættu.

Verkefnið er í beinu framhaldi af þeirri vinnu sem hefur verið í gangi á svæðinu. Stefnt er að því að nýta náttúrleg efni af svæðinu sem mest og leita sömuleiðis til verktaka innan svæðisins. Hengifoss hefur verið hluti af áfangastaðaaætlun Austurlands og er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landshlutans. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um aukið öryggi ferðamanna, verndun á viðkvæmri náttúru og fellur einnig að áherslum ráðherra.

8. Fljótsdalshreppur - Hengifoss - áningarstaðir og aukið öryggi.

Kr. 12.421.640,- styrkurinn felst í hönnun og framkvæmd við átta áningarstaði við Hengifossgönguleiðina. Stækkun núverandi áningarstaða og uppbygging fleiri er vel til þess fallið að stýra umferð og draga úr slyshættu.

Verkefnið snýst um að stækka og endurhanna vinsælustu áningarstaðina við gönguleiðina og ganga frá áningarstöðum norðan árinna. Stefnt er að því að nýta náttúrleg efni af svæðinu sem mest og leita sömuleiðis til verktaka innan svæðisins. Hengifoss er á áfangastaðaaætlun Austurlands og er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landshlutans. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um aukið öryggi ferðamanna, vernd viðkvæmrar náttúru sem og áherslum ráðherra.

9. Hafnarfjarðarkaupstaður - Seltún - áframhaldandi uppbygging.

Kr. 16.000.000,- styrkur í undirbúning og smíði á pöllum og brú auk lagningar á göngustígum að mesta háhitasvæðinu.

Markmið verkefnisins er verndun viðkvæmrar náttúru á háhitasvæðinu í Seltúni auk þess að bæta aðgengi og auka öryggi þess mikla fjölda ferðamanna sem leggur leið sína um það. Svæðið er virkt borholu- og sprengigígasvæði, sem gerir það varasamt ef öryggisinnviðir eru ekki fullnægjandi. Seltún er hluti af áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um öryggi ferðamanna og náttúruvernd.

10. Húnabyggð – Kálfshamarsvík.

Kr. 18.520.000,- styrkur til hönnunar á grundvelli gildandi deiliskipulags, s.s. skiltum sem og fyrstu útfærslum á öðrum innviðum. Framkvæmdin felst í lagningu stíga með aðgengi fyrir öll frá núverandi bílastæði að vitanum í Kálfshamarsvík, sem og styrkingu þeirra gönguleiða sem skilgreindar eru í gildandi deiliskipulagi.

Markmið verkefnisins eru að bæta aðgengi og gera úrbætur á aðkomu og stígum að Kálfshamarsvík. Verkefnið er hluti af áfangastaðaaætlun Norðurlands og fellur vel að markmiðum sjóðsins. Einnig fellur verkefnið að áherslum ráðherra á minna sótt svæði. Undanskilin styrkveitingu er sérhönnun á innviðum sem ekki eru skilgreindir í gildandi deiliskipulagi og hönnun á þjónustuhúsi.

11. Hvalfjarðarsveit – Glymur í botni Hvalfjarðar.

Kr. 16.800.000,- styrkur felst í að stýra umferð ferðafólks m.a. með gerð stíga, þrepa og merkinga, sem og viðhalda og lagfæra gönguleiðina eftir ágang og veðrun. Stefnt er að því að nýta náttúruleg efni og að innviðir falli sem best að svæðinu.

Markmið verkefnisins er bætt öryggi og áframhaldandi verndun á viðkvæmri náttúru við Glym í Hvalfirði, en að fossinum liggur fjölsótt en krefjandi gönguleið. Verkefnið er metið í forgangi í áfangastaðaaætlun Vesturlands og fellur vel að markmiðum sjóðsins um bætt öryggi ferðafólks og markmiðum um lágstemmda uppbyggingu í viðkvæmri náttúru.

12. Ísafjarðarbær – Útsýnispallur á Flateyri.

Kr. 33.536.976,- styrkur í byggingu útsýnispalls við Brimnesveg á Flateyri, auk skábrauta og stíga, ásamt frágangi á svæðisinu. Einnig verður komið upp bekkjum, rennibraut og klifurvegg við og af pallinum. Megináhersla er lögð á algilda hönnun og aðgengi hreyfihamlaðra að mannvirkinu.

*Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi að stórbrotnu útsýni út Önundarfjörð og minnka slysaættu. Verkefnið er hluti af áfangastaðaaætlun Vestfjarða og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi og öryggi ferðafólks. **Ekki skal nýta styrkfé í gróðursetningu plantna en slíkt getur verið hluti af mótframlagi.***

13. Kjósarhreppur – Þórufoss, hönnunarverkefni stíga og útsýnispalls á sjálfsprottnum áningarstað ferðamanna.

Kr. 2.200.000,- styrkurinn felur í sér hönnun stíga og útsýnispalls á þessum stað sem sífellt fleiri ferðamenn heimsækja ár hvert.

Markmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að Þórufossi sem er sjálfsprottinn áfangastaður ferðamanna. Verkefnið er hluti af áfangastaðaaætlun Vesturlands og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi og öryggi ferðafólks.

14. Rangárþing ytra - Sigöldugljúfur - skipulag og hönnun.

Kr. 21.751.337,- styrkurinn snýr að undirbúningi og felur í sér að vinna frumdrög hönnunar, deiliskipulags og lokahönnun á öryggisinnviðum, en um er að ræða hönnun á varanlegu bílastæði, gönguleiðum, viðvörunar- og upplýsingaskiltum auk hugsanlegra lokana eða afmarkana sem kunna að vera nauðsynlegar.

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og öryggi við Sigöldugljúfur sem sífellt fleiri ferðamenn eru að uppgötva sem áfangastað. Verkefnið er hluti af áfangastaðaaætlun Suðurlands og fellur vel að markmiðum sjóðsins um bætt öryggi ferðafólks og náttúruvernd.

15. Skagafjörður – Staðarbjargavík - Framkvæmdir við útsýnispalla, stíga og göngustíga.

Kr. 62.623.467,- styrkur felst í gerð útsýnispalla, nýrra stíga og göngustíga á svæðinu og tryggja aðgengi fyrir öll.

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi ferðafólks að mikilli náttúrufegurð og jarðmyndunum í Staðarbjargavík. Núverandi aðkoma að Staðarbjargavík er frá bílastæðinu við hina fjölsóttu sundlaug á Hofsósi. Stjórn sjóðsins leggur ríka áherslu á að við framkvæmdir á útsýnisstað verði tryggð áframhaldandi vernd á merkjum

jarðmyndunum sem þar eru undir, stuðlabergi, og að framkvæmdin og framtíðarnýting staðarins rýri ekki þessar náttúruminjar. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands og fellur vel að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi og öryggi. Undanskilin styrkveitingu er hraðahindrun sem fyrirhuguð er yfir akveg í tengslum við þennan ferðamannastað.

16. Sveitarfélagið Vogar – Staðarborg – ný og betri aðkoma.

Kr. 4.899.000,- styrkurinn felst í því að búa til bílastæði við upphaf gönguleiðar að Staðarborg, bæta merkingar og bæta þar með aðkomu og aðstöðu fyrir ferðamenn. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi, auka aðdráttarafl og vernda náttúru við nýjan áfangastað ferðamanna á Vatnsleysuströnd. Staðarborg er listilega hlaðin fjárborg á Strandarheiði, friðlýst sem menningarminjar og er auk þess einn af 55 jarðminjastöðum Reykjanesjarðvangs. Eins og staðan er núna eru nánast engir innviðir fyrir hendi. Staðarborg er hluti af áfangastaðaáætlun Reykjaness. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um náttúruvernd og öryggi ferðamanna.

17. Þingeyjarsveit – Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss

Kr. 13.600.000,- styrkurinn felst í gerð göngustíga og bílaplans við Aldeyjarfoss. Markmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi. Einnig fellur verkefnið að áherslum ráðherra á minna sótt svæði.

18. Þingeyjarsveit – Göngu- og hjólréiðarstígur umhverfis Mývatn – brúargerð.

Kr. 13.600.000,- styrkur í samræmda hönnun og byggingu þriggja brúa á göngu- og hjólréiðastígnum umhverfis Mývatn. Markmið verkefnisins er að auka öryggi ferðamanna, vernda náttúru og bjóða upp á möguleika á einstakri upplifun á einum þekktasta ferðamannastað landsins. Síðan árið 2020 hefur verið unnið að lagningu göngu- og hjólréiðstígs umhverfis Mývatn, sem verður um 45 kílómetra langur þegar verkinu lýkur. Stígurinn er mikilvægur hvað náttúruvernd varðar, þar sem hann kemur í veg fyrir myndun hentistíga, niðurtroðning á graslendi og jarðvegsrof. Stígurinn eykur öryggi ferðamanna, þar sem umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er illmöguleg á þjóðveginum umhverfis vatnið. Mývatn er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um öryggi ferðamanna, náttúruvernd og lengingu ferðamanna tímabilsins.

19. Þingeyjarsveit – Þeistarreykir – verndun hverasvæðis og bætt aðgengi.

Kr. 15.000.000,- styrkurinn felst í hönnun á göngustígum í kringum hverasvæðið frá Þeistareykjaskála og kringum helstu hver þar við. Hafin verður uppbygging á svæðinu sem byrjar á bílaplani og göngustígum kringum hverina. Markmið verkefnisins er verndun hverasvæðisins við Þeistareyki, öryggi og bætt aðgengi. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi, öryggi og vernd viðkvæmrar náttúru og jarðmyndanna.